

Útistöður Margrétar

Bókarhöfundur: **Margrét Tryggvadóttir**

Bókarheiti: **Útistöður**

Gagnrýnandi: **Gunnar Alexander Ólafsson, hagfræðingur**

Útgáfa: **Hansen og synir 2014, 530 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin Útistöður er ágætlega skrifuð þar sem höfundur lýsir eigin upplifun kjörtímabilið 2009 til 2013. Bókin veitir ákveðna innsýn í vinnubrögð og störf alþingis sem er áhugavert öllum þeim sem áhuga hafa á stjórnmálum. Að mínu dómi fær bókin þrjár stjórnur af fimm mögulegum og er það fyrst og fremst lengd bókarinnar og meðferð heimilida sem útskýrir einkunargjöfina.“

Inngangur

Útistöður Margrétar Tryggvadóttur fyrirverandi þingmanns er áhugaverð bók. Margrét skrifa bókina skömmu eftir að þingferli hennar lauk og studdist við minningar sem hún hafði skráð og haldið til haga á þingferli sínum sem stóð yfir í eitt kjörtímabil árin 2009-2013. Í lýsingu Margrétar á ástandi í samfélaginu í aðdraganda kosninga árið 2009 er hægt að velta fyrir sér af hverju hún ákvað að fara í framboð. Mikil reiði ríkti meðal kjósenda vegna hrunsins og aðgerðaleyfis stjórnvalda að sögn Margrétar og hún sjálf segir að það hafi verið „sjálfsmorðsleiðangur“ að fara í stjórnmál þetta ár.

Titill bókarinnar fannst mér helst vísa í tvennt, annars vegar til mótmælanna í janúar 2009 sem leiddu til falls ríkisstjórnar Geirs Haarde, en Margrét tók virkan þátt í þeim mótmælum, og hins vegar er bókin saga stjórnmálaátaka, þar sem Margrét var bæði áhorfandi og þátttakandi.

Margrét segir frá tilurð Borgarahreyfingarinnar (BH) og að flokkurinn hafi verið lauslegt bandalag fólks sem kom aðallega úr tveimur hópum, úr hópi sem tilheyrði Reykjavíkurakademíunni og hópi sem hélt sk. borgarafundi í Háskólabíói. Athyglisvert er við tilurð BH hversu losaraleg umgjörð var í kringum framboðið, stefnumál þess og val á frambjóðendum (bls. 17-23). Fólkið sem stóð að framboði BH vildi fagmannlegri vinnubrögð í stjórnmálum enda höfðu flest þeirra sem stóðu að framboðinu ekki tekið þátt í stjórnmálum áður og höfðu því að eigin sögn betri tækifæri að stunda betri og fagmannlegri vinnubrögð á alþingi. Jafnframt tekur Margrét fram að fólkið sem stóð að BH



var „reiðasta fólkið“ á Íslandi á þessum tíma. Þetta skiptir máli til að skilja það sem síðar gerðist. Borgarahreyfingin gekk til kosninga undir slagorðinu; „Þjóðin á þing“ og hlaut 7,2% atkvæða og fjóra þingmenn kjörna.

Fróðlegt var að fá innsýn í það hvernig BH starfaði fyrsta þingið sem flokkurinn starfaði, sem var sumarþingið 2009. Á því þingi voru til umfjöllunar tvö stór mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu og fyrsti Icesave samningurinn. Í aðdraganda kosninga 2009 talaði BH fyrir aðildarumsókn að ESB og að þjóðin myndi hafa lokaorðið með þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning. Þetta sumarþing var afdrifaríkt fyrir hinn unga flokk. Ópolinmæðin í baklandi flokksins óx og allt logaði í illeilum meðal fylkinga (bls. 90-91). Meirihluti þingflokksins ákvað að koma þeim skilaboðum til forystumanna ríkisstjórnarinnar að þau myndu styðja ESB umsóknina ef ríkisstjórnin frestaði meðferð Icesave samningsins fram á haustið. Þannig má álykta að strax á fyrsta þingi fór meirihluti þingflokks BH að víla og dila í anda þeirra vinnubragða sem flokkurinn var stofnaður til að berjast á móti. Síðar þetta sumar sauð uppúr í þingflokki BH þegar Margrét efaðist um andlega heilsu samflokksþingmanns síns. Má velta fyrir sér af hverju Margrét sagði ekki af sér þingmennsku þegar málið komst í hámmæli, eins og Bjarni Harðarsson hafði gert á sínum tíma við svipaðar kringumstæður. Þegar þeir þingmenn sem tilheyrðu floknum sögðu sig úr honum og stofnuðu Hreyfinguna þegar bakland flokksins ætlaði að formfesta og skipuleggja umgjörð hans betur! Þessi umfjöllun í byrjun bókarinnar um átök og greiningar Margrétar á samflokksfólki sínu og samstarfsfólki birtist í fleiri myndum eftir því sem líður á bókina.

Á nokkrum stöðum tekst Margréti vel upp í lýsingum sínum á stjórn málaástandinu síðastliðið kjörtímabili. Einna áhugaverðast fannst mér kaflinn um stjórnarskrána. Eftir kosningar árið 2009 höfðu allir flokkar sem náðu inn þingmönnum haft á stefnuskrá sinni breytingu á stjórnarskránni. Við tók langt og lýðræðislegt ferli með þjóðfundi, nefnd, stjórnlagaráði og umfjöllun alþingis sem endaði með því að stjórnarskrámálið kláraðist ekki vegna skorts á tíma og þori.

Einnig var fróðlegt að lesa lýsingu Margrétar á því hvernig stjórnarandstaðan síðasta kjörtímabils misnotaði þingsköpin til að stunda málþóf og hvernig málþófið var skipulagt með exelskjali. Margrét og aðrir þingmenn Hreyfingarinnar tóku einungis einu sinni þátt í málþófi að eigin sögn og eftir segist hún hafa á þessari aðferð stjórnarandstöðunnar við að stöðva efnileg og góð mál.

Furðulegt var að lesa hvernig þingflokkur Hreyfingarinnar ákvað að nýta sér reglur alþingis um aðstoðarmenn formanna stjórn málaaflokka til að fjármagna starfsmann þingflokksins. Hreyfingin átti ekki rétt á fé sem BH fékk úr ríkissjóði eftir alþingis kosningarnar. Þingmenn Hreyfingarinnar vildu hafa flatt skipulag, þ.e. enginn þeirra var öðrum æðri. En til að tryggja sér starfsmann sem greiddur var af alþingi ákvað þingflokkurinn að hafa „málamyndaformann“.

Margrét eyddi mörgum blaðsíðum í stjórn málaaflið Dögum sem bauð fram í kosningum til alþingis árið 2013. Margrét var sannfærð um ágæti framboðsins og frambjóðendur þess en undraðist að flokkurinn hefði ekki náð inná þing (flokkurinn fékk um 3% atkvæða). Innan Dögunar urðu átök sem náði ekki að fá kjörna þingmenn, þar sem

kjósendur höfðu litla þolinmæði fyrir flokkum sem einkenndust af átökum, samanber saga Samstöðu flokks Lilju Mósesdóttur.

Mér finnst Margrét feta í fótspor Össurar Skarphéðinssonar með þessari bók að því leyti að ákveðnu tímabili í lífi höfundar er lýst á dýpri hátt en venja er í gegnum tíðina þegar kemur að bókum eftir stjórnmalamenn. Á köflum er það umhugsunarvert hversu frjálsglega Margrét fer með sumar heimildir sínar, til að mynda tölvupósta og samtöl sín við annað fólk.

Margrét fer um víðan völl í frásögn sinni og fyrir vikið tel bókina vera fulllanga. Ég tel að bókin hefði mátt vera töluvert styttri án þess að það hefði áhrif á gæði hennar.

Bókin Útistöður er ágætlega skrifuð þar sem höfundur lýsir eigin upplifun kjörtímabilið 2009 til 2013. Bókin veitir ákveðna innsýn í vinnubrögð og störf alþingis sem er áhugavert öllum þeim sem áhuga hafa á stjórnmalum. Að mínu dómi fær bókin þrjár stjörnur af fimm mögulegum og er það fyrst og fremst lengd bókarinnar og meðferð heimilida sem útskýrir einkunargjöfina.